

# Vit-inn

SJÁLFSTÆÐI - FÆRNI - FRAMFARIR



## Inngangur

Kæri nemandi.

Velkomin í Menntaskóla Borgarfjarðar. Nú er að hefjast mikilvægt tímabil í lífi þínu. Framundan er mikil vinna sem krefst ástundunar og reglusemi. Við hvetjum þig til að setja þér strax í upphafi þín eigin markmið um ástundun og árangur í náminu. Einnig hvetjum við þig til að nýta þér vel námsráðgjöfina okkar, oft er gott að fara í áhugasviðspróf hjá námsráðgjafa og hann mun einnig leiðbeina þér um námstækni. Það auðveldar þér að þróa með þér þínar eigin aðferðir til að læra. Þú átt jafnframt eftir að kynnst fullt af öðrum nemendum og nýjum kennurum. Hugsanlega átt þú eftir að eignast þína bestu vini fyrir lífstíð hér í Menntaskóla Borgarfjarðar. Hér er öflugt félagsstarf sem við hvetjum þig til að taka þátt í. Oft er maður ekki viss um hvert skal stefna á framhaldsskólaárunum. Það að skipta um braut getur því stundum verið nauðsynlegt, það þýðir þó ekki að maður hafi tapað tíma. Það að kynnst ólíkum námsgreinum getur örvað sýn okkar á þverfagleg tækifæri í atvinnulífinu síðar meir. Þegar líður á námið er líklegt að þú sjáir betur hvert þú viljir stefna í atvinnulífi og eða frekara námi. Við leggjum metnað okkar í að styrkja þig sem einstakling á öllum sviðum, stuðla að auknum námsárangri þínum, jákvæðum og heilbrigðum lífsstíl, ásamt því að þjálf þig í gagnrýnni hugsun og sjálfstæðum vinnubrögðum. Í þessari handbók er að finna ýmsar gagnlegar upplýsingar um skólastarfið sem gott er að kynna sér.



## VIT - INN

Vitinn kemur út á haustin og er ætlaður fyrir nýnema skólans. Hann er hluti af skólanámská MB.



MENNTASKÓLI BORGARFJARÐAR



# 1. Skipulag náms

## Skólaárið

Skólaárinu er skipt í tvær annir, haustönn og vorönn. Kennsla á haustönn hefst í kringum 18. ágúst og lýkur í desember. Kennsla á vorönn hefst í janúar og lýkur í maí. Skólaárið í MB er 180 dagar.

## Áfangakerfi

Skólinn starfar eftir áfangakerfi. Það þýðir að hverri námsgrein er skipt í áfanga sem hver um sig er kenndur á einni önn og lýkur með lokaekinn sem gefin er út frá námsmati annarinnar. Fyrir flesta nýnema er áfangakerfið mikil breyting frá grunnskólanámi þar sem hver og einn tilheyrir nú ákveðnum námshópi í stað bekkjar. Það kerfi sem MB býður upp á er aðeins frábrugðið öðrum áfangaskólum að því leyti að nemendur taka fleiri einingar í sumum áföngum sem stafar af lengd hverrar annar.

## Námsgreinar og áfangar

Áfangar eru mismargir eftir námsbrautum. Hver námsáfangi er táknaður með þremur bókstöfum, einum tölustaf, einum bókstaf og tveimur tölustöfum t.d. ÍSLE 2RB05. Bókstafirnir eru skammstöfun á heiti námsgreinar. Fyrsta talan segir til um á hvaða þrepi áfanginn er (ef fyrsta talan er 2 þá er þetta 2. þreps áfangi). Bókstafurinn sem kemur þar á eftir táknar heiti áfangans og síðasta talan gefur til kynna einingafjöldann.

## Einingar

Hver áfangi er metinn til eininga. Til að ljúka námi á mismunandi brautum þarf ákveðinn einingafjölda. Á stúdentsbrautum í nýju einingakerfi þarf að ljúka 200 einingum.





## Skólanámskrá

Skólanámskrá MB skiptist í tvo hluta, annars vegar almennar upplýsingar um starfsemi skólans, stefnu hans, umgjörð skólastarfsins og aðrar nauðsynlegar upplýsingar sem varða skólastarfið og hins vegar í lýsingar á þeim áföngum sem eru í boði. Námsleiðir í MB eru nokkrar og námstíminn getur verið breytilegur. Skólanámskrá MB er að finna á heimasíðu skólans <http://www.menntaborg.is>

## Námsval

Skólinn ákveður hvaða áfanga nýnemar taka á fyrstu önnum þeirra í skólanum. Eftir það kemur val nemenda til sögunnar. Nemendur bera fulla ábyrgð á námi sínu og framvindu þess. Nemendur fá umsjónartíma með umsjónarkennara vegna námsvals og framvindu í námi.

## Stundatöflur - kennslustundir

Stundatöflur nýnema eru byggðar á ákvörðun skólans um það hvað þykir eðlilegt nám á mismunandi brautum. Stundatöflum er ekki breytt nema fyrir því séu mjög góðar ástæður. Lengd hvernar kennslustundar eru 40 mínútur en oftast eru tvær kennslustundir í röð í sama áfanga. Venjulegur skóladagur hefst kl. 8:20 og lýkur um kl. 17:00 en fyrr á föstudögum. Nemendur eru hvattir til að nýta göt í stundaskrá til verkefnavinnu og heimanáms.



## 2. Námsbrautir

### Félagsfræðabraut

Veitir nemendum góðan undirbúning undir nám í mennta-, félags- og hugvísindadeildum háskóla.

### Náttúrufræðibraut

Veitir nemendum góðan undirbúning undir nám í heilbrigðis- og raunvísindadeildum háskóla.

### Opin braut

Á opinni braut til stúdentsprófs er megin áherslan á kjarnagreinir. Nemendur velja sér sjálfir þá leið sem þeir kjósa að fara. Opinni braut til stúdentsprófs er ætlað að veita nemendum undirbúning undir nám í ýmsum deildum háskóla.



### Náttúrufræðibraut - búfræðisvið

Þessari braut er ætlað að veita nemendum undirbúning undir háskólanám í náttúru- og búvísindum og tekur að jafnaði 4 ár. Nemendur taka tvö fyrstu árin í MB og tvö seinni árin taka nemendur við búfræðibrautina á Hvanneyri.

### Íþróttabraut – félagsfræðasvið

### Íþróttabraut – náttúrufræðisvið

Megináherslan er á íþróttafærni, íþróttagreinar og þjálfun auk kjarna til stúdentsprófs á viðkomandi brautum. Veitir nemendum góðan undirbúning undir leiðbeinendastörf hjá íþróttafélögum og nám á háskólastigi í íþrótt- og heilsufræðum.



### Framhaldsskólabraut

Er eins til tveggja ára námsbraut þar sem áhersla er á grunnþjálfun í kjarnafögum með möguleika fyrir nemendur að færa sig yfir á stúdentsprófsbraut að því loknu.

### Starfsbraut

Er fyrir nemendur með fötlun sem geta ekki nýtt sér aðrar brautir skólans.

## 3. Skipulag náms

Skipulag námsins ræðst af þeirri námsbraut sem nemandinn er skráður á, stöðu nemandans þegar hann kemur í skólann o.fl. Allir nemendur fara í lífsleikni og upplýsingatækni á fyrstu önn. Lífsleiknin í MB er skipulögð með það að markmiði að styðja nemendur sem eru að hefja nám í framhaldsskóla og hjálpa þeim eins og kostur er að laga sig að breyttu starfsumhverfi og kröfum.

Allir nemendur Menntaskóla Borgarfjarðar skuldbinda sig með staðfestingu umsóknar að fylgja þeim reglum sem skólinn setur. Einkunnarorð skólans eru: Sjálfstæði – Færni – Framfarir og eru lýsandi fyrir innra starfið. Nemendur og starfsfólk skuli ætíð hafa virðingu og umburðarlyndi í hávegum og líta til þess að einstaklingar eru mismunandi með ólíka getu og þarfir.

## Skólasókn

### Reglur um skólasókn

Nemendur skulu sækja stundvíslega allar kennslustundir. Mæti nemandi of seint í kennslustund fær hann hálf fjarvistarstig, mæti nemandi meira en 10 mínútum of seint fær hann eitt fjarvistarstig. Nemendur fá ekki einkunn fyrir skólasókn.

### Niðurfelling fjarvistarstiga

Heimilt er að fella niður fjarvistir vegna veikinda sem hafa verið tilkynnt. Nemendur þurfa að tilkynna veikindi samdægurs fyrir kl 10:00 á skrifstofu skólans. Ef nemandi er yngri en 18 ára þarf forráðamaður að tilkynna veikindi. Nemendur þurfa að skila inn læknisvottorði til skrifstofu skólans vegna allra veikindadaga umfram tvo í mánuði.

### Heimilt er að veita leyfi:

- Vegna námsferða á vegum skólans
- Vegna starfa í stjórn Nemendafélags Menntaskóla Borgarfjarðar
- Vegna undirbúnings og þátttöku í keppni á vegum skólans, íþróttafélags eða sérsambands íþróttafélaga. Staðfesting viðkomandi félags eða sérsambands um þátttöku þarf að fylgja umsókn um leyfi.
- Vegna fráfalls náins ættingjar eða vinar.
- Vegna ófærðar eða annarra óviðráðanlegra tilvika sem nemandi eða forráðamaður staðfestir.
- Vegna rökstuddrar umsóknar um brýn erindi frá nemanda og forráðamanni ef við á.

### Sækja þarf um öll leyfi til skólameistara

#### Meðferð og viðurlög

Skólasókn þarf að vera 85% til að nemandi eigi vísa skólavist á næstu önn.

- Þegar nemandi er kominn í 90% skólasókn fær hann og forráðamaður ef við á skriflega viðvörðun og nemandi fer í viðtal hjá umsjónarkennara
- Þegar nemandi er kominn í 88% skólasókn fer hann í viðtal hjá skólameistara eða aðstoðarskólameistara eftir atvikum.

Skólasókn í áfanga þarf að vera 85% til að nemandi hafi staðist viðkomandi áfanga.

Skólameistara er heimilt að víkja nemanda úr námi að því tilskildu að nemandi hafi fengið viðeigandi aðvaranir.



## 4. Námsmat

### Leiðsagnarmat

Í Menntaskóla Borgarfjarðar eru ekki hefðbundin lokapróf í lok anna. Námsmat í MB byggir á svokölluðu leiðsagnarmati. Leiðsagnarmat getur hvort sem er verið formlegt þ.e. próf eða óformlegt, þ.e. mat á frammistöðu í verkefnum, munlegum skilum og annarri vinnu samþætt öllu skólastarfi. Tilgangur leiðsagnarmats er að hjálpa nemandanum með leiðsögn kennarans að nálgast markmið sín í náminu og ákveða hvert skal stefna. Leiðsagnarmat þarf að vera þannig að það sé sífelld endurgjöf frá kennaranum um nám og frammistöðu nemenda á hverjum tíma, til þess að endurgjöfin hafi einhverja þýðingu. Frammistöðumat er mikilvægur þáttur í leiðsagnarmati því þá hefur kennarinn tækifæri til að leiðbeina nemendum um hvað betur má fara og hvað vel er gert, í þeim tilgangi að þeir geti bætt sig.

### Vörður

Nemendur eru metnir jafnóðum allan námstímamann og fá endurgjöf á vinnu sína fjórum sinnum á önn á svokölluðum Vörðum. Einkunnir í vörðum eru á þriggja stiga skala þ.e. Mjög gott – Í lagi – Ófullnægjandi, ásamt skriflegum ábendingum frá viðkomandi kennara (sjá námsmatsbækling).

### Lokaeinkunn áfanga

Þar sem ekki eru formleg annarpróf heldur leiðsagnarmat mun skólinn gera miklar kröfur til námsmatsaðferða. Lokaeinkunnir í áföngum eru gefnar í heilum tölum á bilinu 1 – 10 eins og um getur í þar til gerðri reglugerð menntamálaráðuneytisins. Til að standast lágmarkskröfur hvers áfanga þarf lágmarkseinkunnina 5. Námsmatsaðferðir eru fjölbreyttar og geta verið mismunandi eftir áföngum.

### Mat á námi úr öðrum framhaldsskólum

Ef nemandi flyst á milli skóla sem starfa samkvæmt aðalnámskrá menntamálaráðuneytisins getur hann fengið áfanga sem hann hefur lokið metna svo framarlega sem þeir eru skilgreindur hluti af námsbraut sem hann er skráður á í Menntaskóla Borgarfjarðar. Áfanga, sem kunna að falla utan brautarinnar, má meta sem valeiningar að því marki sem nemur valeiningakvóta viðkomandi brautar.

Einingar sem nemendur hafa fengið vegna skólasóknar í öðrum framhaldsskólum eru ekki metnar til eininga á viðkomandi námsbraut í Menntaskóla Borgarfjarðar. Þess er getið á prófskírteini ef nám er metið úr öðrum skólum og ef um undanþágur frá einstökum áföngum er að ræða.

## 5. Kennsluhættir

Lögð er áhersla á að kennsluhættir Menntaskóla Borgarfjarðar séu í stöðugri þróun og skólinn sé í fremstu röð hvað varðar nýjungar og fjölbreytni í kennsluháttum, þar sem sérstök áhersla er á tengingu við raunveruleika og hagnýta þekkingu í námi og kennslu. Nám við Menntaskólann tekur mið af einstaklingsmiðuðu námi en engu að síður er lögð mikil áhersla á að nemendur öðlist færni í að vinna með öðrum.



Markmið með námi og kennslu skólans er að efla frumkvæði, sjálfstæði og ábyrgð nemenda. Einnig er mikilvægt að nemendur þjálfist í tjáningu, ritfærni og gagnrýnni hugsun.



Kennsla í MB fer bæði fram í fjarnámi og staðnámi. Með fjarnámi er átt við að þeir nemendur sem í því eru sækja engar kennslustundir í staðnámi. Þetta form hentar vel fyrir þá nemendur sem ekki eiga þess kost að sækja skólann daglega. Leitast er við að nýta kosti upplýsingatækni eins og mögulegt er í námi og kennslu.

### Einstaklingsmiðað nám

Nám í MB tekur mið af hugmyndafræði einstaklingsmiðaðs náms. Í þeirri hugmyndafræði er aðaláherslan á að komið sé með sveigjanlegum hætti til móts við einstaklingsbundnar þarfir nemenda. Nemendur læra ekki endilega með sömu námsaðferð, heldur geta þeir fengist við ólík viðfangsefni, misþungt efni unnið upp á eigin spýtur eða í hópum. Vinnan í einstökum áföngum miðar þó alltaf að sama lokamarkmiði og ætíð eru gerðar lágmarkskröfur til nemenda.



## 6. Umsjón

### Hlutverk og markmið umsjónarkennara MB

Allir nýnemar skólans hafa sérstakan umsjónarkennara. Starf umsjónarkennara er mismunandi eftir því hvaða nemendur eiga í hlut.

### Meginmarkmið umsjónarstarfsins eru:

- að stuðla að góðu námsgengi nemenda í skólanum og koma þannig í veg fyrir brottfall þeirra úr skóla
- að stuðla að góðri líðan nemenda í skólanum m.a. með því að byggja upp jákvæðan starfsanda
- að miðla upplýsingum og auk þess að hitta hvern umsjónarnemanda a.m.k. einu sinni á önn í einkaviðtali

### Hlutverk umsjónarkennara er að:

- fræða nemendur um skólann s.s. starfsfólk og starfssvið þeirra, starfshætti skólans, reglur, námsbrautir og valgreinar
- fylgjast með ástundun og gengi sinna umsjónarnemenda og veita þeim persónulegt aðhald og stuðning og koma ábendingum um námsvanda á framfæri við námsráðgjafa
- aðstoða nemendur við námsval og vinna námsáætlun næstu annar með þeim og fylgjast með mætingum nemenda
- stuðla að jákvæðum anda innan hópsins og vera í tengslum við forráðamenn nemenda (undir lögaldri) ef með þarf
- vera talsmaður nemenda gagnvart stjórnendum, kennurum og öðru starfsfólki skólans







## 7. Þjónusta við nemendur Náms- og starfsráðgjöf

Námsráðgjafi skólans veitir nemendum leiðsögn í persónulegum málum sem snerta námið og skólann og er þeim til ráðgjafar og aðstoðar við lausn vandamála sem tengjast námi eða félagslegum þáttum skólavistarinnar. Viðtöl nemenda og námsráðgjafa eru alltaf trúnaðarmál. Námsráðgjafi er til viðtals þriðjudaga og miðvikudaga. Hægt er að panta tíma bæði á skrifstofu skólans og hjá námsráðgjafa.

### Skrifstofa

Á skrifstofu skólans geta nemendur fengið upplýsingar um nánast allt sem við kemur skólastarfinu. Skrifstofan sér um að innheimta þau gjöld sem nemendur þurfa að greiða til skólans. Skólafulltrúi sér um veikinda-skráningu, afhendingu aðgangsorða að tölvukerfi auk annarra starfa.

**Skrifstofan er opin virka daga milli 8:00 og 15:00**

### Moodle og Inna

Moodle er kennslukerfi skólans, Þar sækja nemendur verkefni, kennsluefni, skila verkefnum og hafa samskipti við kennara og aðra nemendur. Inna er upplýsingakerfi fyrir framhaldsskóla. Þar geta nemendur m.a. skoðað einkunnir, stundatöflu, skráningu yfir mætingar og námsferil. Nemendur fá sérstök lykilorð til þess að komast inn á Innu og Moodle.

### Heimasíða skólans

Á heimasíðu skólans geta nemendur nálgast almennar upplýsingar um námið og skólann. Þar er að finna upplýsingar um námsbrautir og áfanga, starfsfólk og sitt hvað fleira sem nýtist nemendum. Heimasíðu skólans má finna á slóðinni [www.menntaborg.is](http://www.menntaborg.is)

### Mötuneyti

Í skólanum er starfrækt mötuneyti en þar geta nemendur og starfsfólk fengið hádegisverð á vægu verði. Nauðsynlegt er fyrir nemendur að kaupa mánaðarkort fyrirfram og fæst það á skrifstofu skólans. Skólinn býður nemendum og starfsfólki upp á hafragraut, sér að kostnaðarlausu, í morgunmat.

## 8. Nemendafélag og fleira

### Félagslíf

Félagslíf er mikilvægt nemendum í öllum skólum. Nemendafélag Menntaskóla Borgarfjarðar (NMB) sér um allt félagslíf og skemmtanir innan skólans. Á vori hverju er kosin stjórn nemendafélagsins þ.e. formaður, ritari, gjaldkeri og skemmtanastjóri. Auk þeirra er kosinn að hausti einn meðstjórnandi úr hópi nýnema. Á hverjum vetri eru starfandi nokkrir klúbbar sem þjóna mismunandi áhugasviðum nemenda. Stjórn NMB ásamt formönnum klúbba, sér um gjörninga og skemmtanir vetrarins.

### Félagsaðstaða

Mikið er lagt upp úr góðri félagsaðstöðu fyrir nemendur. Í kjallara skólans er skrifstofa stjórnar nemendafélagsins ásamt góðum sal fyrir hina ýmsu félagsstarfssemi sem nemendafélagið stendur að.

### Stjórn nemendafélagsins

Kosið er í stjórn nemendafélagsins á vorönn en þá eru kjörnir fjórir fulltrúar af fimm. Snemma á haustönn er fimmti stjórnarmaðurinn kosinn úr hópi nýnema við skólann.

### MB – Heilsueflandi skóli

Á haustönn 2011 varð Menntaskóli Borgarfjarðar þátttakandi í verkefninu Heilsueflandi framhaldsskóli. Markmiðið með þátttöku í verkefninu er að auka vellíðan nemenda í skólanum. Rannsóknir sýna að heilsuefling og forvarnir auka vellíðan nemenda og stuðla að bættum námsárangri og minnka brottfall úr skóla. Verkefnið skiptist í fjóra þætti: Næringu - hreyfingu - geðrækt og lífsstíl.

### Skápar fyrir nemendur

Nemendum gefst kostur á að leigja sér aðgang að skáp þar sem þeir geta geymt bækur, tölvu og önnur gögn. Við afhendingu skápalykils greiða nemendur skilagjald.

### Nemendagarðar

Nemendur Menntaskóla Borgarfjarðar geta sótt um að búa á nemendagörðum. Þeir sem vilja leigja þurfa að hafa samband við skrifstofu skólans í síma 433 7700. Á heimasíðu skólans er að finna upplýsingar um herbergi sem nemendum MB stendur til boða að leigja.

Nemendur sem búa á nemendagörðum geta sótt um húsaleigubætur hjá því sveitarfélagi sem þeir eiga lögheimili í.

### Matur og drykkur

Það er stranglega bannað að matast í kennslustundum enda dýr og viðkvæmur tölvubúnaður á hverju borði.

Það er stefna skólans að nemendur og starfsfólk gangi um á inniskóm. Slíkt fyrirkomulag hefur í för með sér að skólinn verður heilsusamlegri. Líklegt er að við slíkar aðstæður líði fólki betur við nám og störf en ella auk þess að kostnaður við þrif, viðhald og fleira verður mun minni.

## Starfsfólk MB

Agnes Hansen	Danska	<a href="mailto:agnes@menntaborg.is">agnes@menntaborg.is</a>
Ásdís Haraldsdóttir	Íslenska	<a href="mailto:asdis@menntaborg.is">asdis@menntaborg.is</a>
Bjarni Þór Traustason	Stærðfræði/eðlisfræði	<a href="mailto:bjarni@menntaborg.is">bjarni@menntaborg.is</a>
David Hidalgo Rodriguez	Enska/spænska	<a href="mailto:david@menntaborg.is">david@menntaborg.is</a>
Elín Kristjánsdóttir	Náms- og starfsráðgjöf	<a href="mailto:elin@menntaborg.is">elin@menntaborg.is</a>
Guðný Sigríður Gunnarsdóttir	Starfsbraut	<a href="mailto:sigridur@menntaborg.is">sigridur@menntaborg.is</a>
Guðmundur Jónsson	Húsvörður	<a href="mailto:gudmundurj@menntaborg.is">gudmundurj@menntaborg.is</a>
Guðrún Björg Aðalsteinsdóttir	Skólameistari	<a href="mailto:gudrunbjorg@menntaborg.is">gudrunbjorg@menntaborg.is</a>
Gunnþórunn Gísladóttir	Ræsting	<a href="mailto:oliwaage@simnet.is">oliwaage@simnet.is</a>
Helga Karlsdóttir	Fjármál/viðskiptagreinar	<a href="mailto:helga@menntaborg.is">helga@menntaborg.is</a>
Ívar Örn Reynisson	Samfélagsgreinar	<a href="mailto:ivar@menntaborg.is">ivar@menntaborg.is</a>
Jóhannes Magnússon	Starfsbraut	<a href="mailto:johannes@menntaborg.is">johannes@menntaborg.is</a>
Kristján G. Arngrímsson	Sál-/siðfræði/íslenska	<a href="mailto:kristjan@menntaborg.is">kristjan@menntaborg.is</a>
Kristín H. Kristjánsdóttir	Matráður	<a href="mailto:kristinhk11@menntaborg.is">kristinhk11@menntaborg.is</a>
Lilja S. Ólafsdóttir	Aðst.skólameistari	<a href="mailto:lilja@menntaborg.is">lilja@menntaborg.is</a>
Noemi Cubas Martin	Enska	<a href="mailto:noemi@menntaborg.is">noemi@menntaborg.is</a>
Sigurður Örn Sigurðsson	Íþróttir	<a href="mailto:sigurdur@menntaborg.is">sigurdur@menntaborg.is</a>
Sigurþór Kristjánsson	Tölvuumsjón	<a href="mailto:sissi@menntaborg.is">sissi@menntaborg.is</a>
Veronika G. Sigurvinsdóttir	Skólafulltrúi	<a href="mailto:veronika@menntaborg.is">veronika@menntaborg.is</a>
Þóra Árnadóttir	Raungreinar	<a href="mailto:thora@menntaborg.is">thora@menntaborg.is</a>

### Stjórn nemendafélagsins

Steinþór Logi Arnarson	Formaður	<a href="mailto:steinthorla14@menntaborg.is">steinthorla14@menntaborg.is</a>
Dagbjört Dilja Haraldsdóttir	Gjaldkeri	<a href="mailto:dagbjortdh15@menntaborg.is">dagbjortdh15@menntaborg.is</a>
Guðrún Gróa Sigurðardóttir	Ritari	<a href="mailto:gudrungs14@menntaborg.is">gudrungs14@menntaborg.is</a>
Sveinbjörn Sigurðsson	Skemmtanastjóri	<a href="mailto:sveinbjorns15@menntaborg.is">sveinbjorns15@menntaborg.is</a>